

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 24. september 2020  
UST202003-203/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Eftirlit 2020 - Olíudreifing - Þórshöfn - Reglugundið eftirlit þann 9.9.2020**

Þann 9. september sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar, Þórshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar viðhald á girðingu umhverfis stöðina.

Virðingarfyllst,

*G. Stella Árnadóttir*  
Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

*Gottskálk Friðgeirsson*  
Gottskálk Friðgeirsson

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA



Oliudreifing Þórshöfn

Dags eftirlits	9.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Oliudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	664901,282 638279,838

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram er varðar viðhald á girðingu umhverfis stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

### Boðað umfang eftirlitsins var eftifarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Staða frávika frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð á fjarfundu með rekstraraðila þann 13. ágúst sl. og engin ábending gerð þar um. Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti en hún er einnig aðgengileg á rafrænum grunni rekstraraðila fyrir allar stöðvarnar. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu.

Fjórir geymar eru í stöðinni, þar af einn tvískiptur. Þrír geymanna eru tvöfaldir og því er ekki gerð krafa um mengunarvarnarþró um þá en þró er um stærsta geyminn sem inniheldur verksmiðjuolíu fyrir fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn. Löndunarlöginn liggur frá bryggju upp í geyminn og afgreiðslulög svo aftur að Ísfelaginu. Áfyllingar- og afgreiðsluplan er tengt olíuskilju en tvær skiljur eru í stöðinni, önnur fyrir planið og hin fyrir svartolíuplan og stærsta geyminn. Mæla þarf olíu í fráveituvatni skv. gr. 4.2 í starfsleyfi nú í ár.

Tvöföldu geymarnir voru allir þykktarmældir árið 2015 en verksmiðjuolíugeymirinn mældur nú í ár og hefur eftirlitsaðili samþykkt áframhaldandi notkun geymisins. Lögn nr. 680.70.00 var þrýstiprófuð nú í ár og er í lagi. Lagfæra þarf lögn nr. 680.72.00 þar sem kápa hennar skemmdist við snjómokstur í veturn og verður hún þrýstiprófuð að viðgerð lokinni.

Engin mengunarhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók og aðgengilegar í rafrænum gagnagrunni.

Gengið var um stöðina, þró og geymar skoðaðir. Hlið var læst er að var komið og girðingar heilar fyrir utan á einum stað, á bak við minni geymanna, þar sem hún er farin að laga niður að hluta. Bent er á að hengja þarf girðinguna upp og lagfæra. Stöðin var snyrtilega á að líta.

## ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram við eftirlit er varðar að girðing er farin að lafa niður að hluta á einum stað og

þarfnað lagfæringar.


**ANNAÐ**

Lítill starfsemi er í stöðinni og er olía á geymana keyrð frá Akureyri. Sinna bílstjórar eftirliti og skráningum á stöðinni þar sem stöðin er ekki mönnuð þess utan.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.09.2020

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir